

30
14. maí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um sveitfesti styrkþega.**

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 21. desember f. á., sem ákveður að Reykjavíkurkaupstaður skuli teljast framfærslusveit Sigmundar Þorsteinssonar.

Það er upplýst í máli þessu, að Sigmundur fluttist úr Reykjavík suður til Keflavíkur í maímánuði 1935 og stundaði þar atvinnu þar til hann varð að fara á Vífilsstaðahælið sem sjúklingur þann 13. marz 1936. Þennan tíma bjó Sigmundur í húsinu nr. 25 við Suðurgötu í Keflavík ásamt sambýliskonu sinni, Guðríði Jónsdóttur. Þrátt fyrir ofangreinda dvöl Sigmundar í Keflavík var hann ekki settur þar í manntal, sem tekið var eftir áramót 1936, með því að hann taldi heimilfang sitt vera í Reykjavík. Hinsvegar hefir Sigmundur verið settur í manntal í Reykjavík og skráður þar til heimilis á Reykjavíkurvegi 17. Um ástæður fyrir því, að hann var settur hér í manntal, upplýsir borgarstjórinn, að þegar manntalsskýrslan fyrir húsið Reykjavíkurveg 17 hafi komið til manntalsskrifstofunnar um mánaðarmótin nóvember—desember 1935, hafi Sigmundur ekki verið skráður í henni. Þann 3. marz 1936 hafi húsráðandi í téðu húsi, Ingvi Loftsson, afhent skrifstofunni flutningstilkynningu um það, að Sigmundur hafi flutt í hús þetta. Skýrsla þessi var tortryggislaust tekin til greina, og Sigmundur settur inn í manntalsskýrsluna og samkvæmt henni var svo lagt á hann útsvar hér í bænnum. Jafnframt upplýsir borgarstjórinn, að kona húsráðandans hafi skýrt svo frá, að Sigmundur hafi ekki dvalið svo mikið sem eina nótt í húsinu, hafi ekki og hafi aldrei haft þar nokkurt húsnæði á leigu, og eigi þar engan hlut geymdan. Framangreindum upplýsingum borgarstjórans í Reykjavík hefir oddviti Keflavíkurhrepps ekki mótmælt.

Samkvæmt þessu verður að telja að heimilisfang Sigmundar í Reykjavík hafi aðeins verið til málamynda og að Keflavíkurkreppur hafi verið heimilissveit hans þegar hann fór á Vífilsstaðahælið þann 13. marz f. á., sbr. 12. gr. og 13. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935, og verður því að fella úrskurð yðar úr gildi og skylda Keflavíkurhrepp til þess að annast framfærslu mannsins.

Því úrskurðast:

Sigmundur Þorsteinsson skal teljast sveitlægur í Keflavíkurhreppi frá 1. janúar 1936 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

31
27. maí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um sveitfesti styrkþega.**

Oddviti Reykjarfjarðarhrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 28. september f. á., sem ákveður að sveitfesti styrkþegans Maríu Ásgeirsdóttur skuli vera óbreytt af hinum nýju framfærslulögum nr. 135, 1935, og María því ennþá sveitlæg í Reykjarfjarðarhreppi.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði, hefir téður styrkþegi dvalið undanfarin ár sem sjúklingur í geðveikrahælinu á Kleppi og var sjúkrahúsvistar-kostnaðurinn greiddur af Reykjarfjarðarhreppi, sem var framfærslusveit styrkþeg-

ans samkvæmt fátækralögum nr. 43/1927. Oddviti Reykjarfjarðarhrepps heldur því fram, að María hafi öðlazi framfærslurétt í Reykjavíkurbkaupstað þann 1. janúar 1936 samkvæmt 13. gr. framfæslulaganna, þar sem hún hafi átt lögheimili í Reykjavík þegar hún fór í geðveikrahælið. 31
27. maí

Með því að ráðuneytið telur það gagnstætt meginreglum laga, að ákvæði 13. gr. framfærslulaganna verði látin verka þannig aftur fyrir sig, að því sveitarfélagi þar sem styrkþeginn átti lögheimili, er sjúkrahúsvistin hófst fyrir gildistöku framfærslulaganna, verði skylt að taka við framfærslunni eftir 1. janúar 1936, þá staðfestist úrskurður lögreglustjórans hér með.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar á Höfn í Hornafirði. 32 28. maí

Með skírskotun til bréfs ráðuneytisins til yðar, herra sýslumaður, dags. 13. þ. m., og bréfs yðar, dags. 20. s. m., um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Höfn í Hornafirði, skal yður tjáð, að samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905 eru hér með gerðar þær breytingar á takmörkum svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhúsi í Höfn eftir tillögum sýslunefndar og uppdrætti, svo sem hér segir: Að norðan landmegin, takmarkist verzlunarlóðin af línu dreginni frá Svalbarðsveg vestur í framanvert Arfasker. Að öðru leyti séu takmörkin hin sömu og áður hafa verið ákveðin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti, sem fylgir hér með, verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem þau eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Látrum í Aðalvík. 33 8. júní

Með bréfi, dags. 11. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Látrum í Aðalvík ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhúsi á Látrum í Aðalvík, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hér segir:

1. Að sunnan og vestan stórstraumsflæðarmál frá Naustabala út fyrir svonefnda Bása utan við Látranés.
2. Að norðan lína meðfram Látrafjalli frá Básun, dregin 150 faðma ofan við stórstraumsflæðarmál að heimatúngarðinum núverandi.
3. Að austan túngarðurinn niður í garðshornið og úr því bein lína í sunnanverðan Naustabala við sjóinn.